



Alþingi
Erindi nr. P 122/608
komudagur 6.1.98

Akureyri 05.01.98

Menntamálanefnd Alþingis
c/o Sigríður A. Þórðardóttir, formaður
Alþingi
150 Reykjavík.


Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Undirritaður lýsir yfir fullum stuðningi við tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að drengir í grunnskólanum fá meiri þjónustu en stúlkur. Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar sem liggja fyrir sýna að vandi drengja í skólum landsins er mun meiri en stúlkanna, hvað varðar námsárangur og hegðun. Aftur á móti virðist sjálfsmynd stúlkanna vera mun lakari en stráka. Grunnskólinn hefur, með stuðningi og sérfræðiþjónustu, reynt að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda, en ljóst er að skilgreina þarf betur þann vanda sem stúlkur og drengir þurfa að glíma við og m.a. tengjast kynferði þeirra, svo unnt verði að mæta mismunandi þörfum þeirra frá upphafi skólagöngu.

Almennt hefur erfiðleikum skólabarna hér á landi verið gerð allt of lítil skil með kerfisbundnum athugunum og lýsingum, hvort sem um er að ræða atríði sem tengjast kynferði eður ei. Í sambandi við yfirfærslu grunnskólans og sérfræðiþjónustu við grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga hefur þörfin fyrir stefnumörkun um vinnu með og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna "áhættubarna" í grunnskólum aukist. Til að hægt sé að byggja slíka stefnumörkun á raunhæfum grunni þarf rannsóknir. Til samanburðar má t.d. skoða bók sem útgefin var af danska félagsmálaráðuneytinu 1993; Risikobörn. Hvem er de - hvad gør vi?

Virðingarfyllst,


Kristján Már Magnússon, sálfræðingur

Reynir - ráðgjafastofa

Arnar Sverrisson, sálfr. S.Í. Kristján M. Magnússon, sálfr. S.Í. Már V. Magnússon, sálfr. S.Í.
Hafrnarstræti 95, 4.hæð, pósthólf 478, 602 Akureyri - ☎ 461 3474 📠 461 3475